

ÁRSSKÝRSLA 2021

Starfstímabil 1. júní 2020- 31. maí 2021

Lögð fram á aðalfundi félagsins 23.júní 2021

ÍÞRÓTTAFÉLAGIÐ GERPLA



EFNISYFIRLIT

Stjórn 2020-2021	5
Almennt	6
Starfssemi félagsins	9
Áhaldadeild kvenna	9
Áhaldadeild karla.....	11
Hópfimleikar kvenna 4. og 5.flokkur og hópfimleikar karla	13
Hópfimleikadeild kvenna 3.flokkur og eldri.....	16
Fimleikadeild karla og kvenna.....	18
Almenn deild	20
Samstarf við leikskóla og grunnskóla	22
Fimleikabæk fyrir boltakrakka	22
Samstarfsverkefni Breiðabliks, Gerplu og HK	22
fyrirlestrar fyrir iðkendur	24
Samstarf við sportablar	24
Samstarf við fyrirtæki	25
Biðlisti og fimleikasalurinn.....	25
Síki	26
Aðbúnaður og áhöld	27
Foreldraráð	27
Vorsýning og afmæli gerplu	28

Uppskeruhátíð Gerplu	29
Uppskeruhátíð Ítk	29
Uppskeruhátíð FSÍ.....	29
Mót, viðburðir og árangur	30
ÁHALDAFIMLEIKAR INNANLANDS	31
Haustmót I – Frjálsar æfingar, 1. -3. þrep	31
Íslandsmót í Frjálsum æfingum.....	31
Þrepamót I – þrep 5.-4. þrep.....	31
ÞRepamót II – Þrep 5.-4. þrep	31
ÞRepamót – Þrep 1. -3. þrep.....	32
Bikarmót.....	33
Íslandsmót í þrepum.....	34
Íslandsmót í þrepum – special olympics	35
Íslandsmót í frjálsum æfingum.....	35
ÞRepamót III – Þrep 5.-4. þrep.....	37
Iceland Classic	38
GK meistaramót	38
HÓPFIMLEIKAR INNANLANDS	41
Haustmót Stökkfimi	41
Haustmót I – 3. og 4. flokkur	41
Haustmót II – 1. og 2. flokkur og kky/KKE	41
GK-mót í hópfirmleikum.....	41

Bikarmót unglunga	42
Bikarmót í stökkfimi.....	43
Bikarmót í Hópfimleikum.....	43
Íslandsmót í Stökkfimi	43
Íslandsmót í Hópfimleikaum	44
ÁHALDAFIMLEIKAR ERLendis.....	44
Norður Evrópumót.....	44
Evrópumót í áhaldafimleikum	44
Berlin Cup	45
Norðurlandamót unglunga	45
Evrópumót í áhaldafimleikaum	45
HÓPFIMLEIKAR ERLendis	45
Evrópumót	45
Starfsmannamál.....	46

STJÓRN 2020-2021



Ragnheiður M. Ólafsdóttir
Formaður



Marta Kristín Sigurjónsdóttir
Varaformaður



Heiður Hjaltadóttir
Ritari



Hanný Ösp Pétursdóttir
Meðstjórnandi



Hreggviður Símonarson
Meðstjórnandi



Hjalti Ragnar Eiríksson
Meðstjórnandi



Sif Pálsdóttir
Meðstjórnandi



Olga Bjarnadóttir
Framkvæmdastjóri



Hildur Gottskálksdóttir
Fjármálastjóri

Á tímabilinu voru 12 bókaðir fundir haldnir í stjórn félagsins. Auk þeirra voru haldnir óformlegir fundir um einstök málefni. Sjö fulltrúar eru kjörnir í stjórn á aðalfundi félagsins. Framkvæmdastjóri sat alla fundi stjórnar og fjármálastjóri félagsins þegar til hans var kallað.

Stjórn félagsins var skipuð eftirfarandi aðilum: Ragnheiður Margrét Ólafsdóttir, formaður, Marta Kristín Sigurjónsdóttir, varaformaður, Hanný Ösp Pétursdóttir, Hjalti Ragnar Eiríksson, Heiður Hjaltadóttir, Sif Pálsdóttir og Hreggviður Símonarson meðstjórnendur.

Hjá félaginu voru starfandi rúmlega 100 þjálfarar ásamt starfsfólki í afgreiðslu og á skrifstofu. Olga Bjarnadóttir er framkvæmdastjóri félagsins. Fjármálastjóri félagsins er Hildur Gottskálksdóttir.

Íþróttafélagið Gerpla er stórt íþróttafélag og langstærsta Fimleikafélag landsins og þótt víðar væri leitað. Í Gerplu starfar fjöldinn allur af fagfólki á sviði íþróttar og þjálfunar sem býr yfir mikilli þekkingu og reynslu. Í félaginu ríkir mikill liðsandi og leggjast allir á eitt að vinna þau verkefni sem fyrir liggja í hvert skiptið sama hvort verkefnið sé heimsfaraldur, fimleikamót, æfingar, skemmtanir eða hvað annað. Það hefur verið stöðugur vöxtur hjá félaginu undanfarin ár ef líðandi starfsár er undanskilið. Ástæðan er líklegast sú að Covid 19 hafði mikil áhrif á alla íþróttaiðkun í landinu og öllum heiminum og nýliðun þar af leiðandi mjög lítil.



Síðan 2018 eru fimleikarnir í Gerplu iðkaðir í tveimur húsum en það ár bættist íþróttahús við Vatnsendaskóla við aðstöðuna en fyrir æfir félagið í íþróttamiðstöðinni Versölum. Dansæfingar í hóp fimleikum fara enn fram í Versölum og standa forsvarsmenn félagsins frammi fyrir því á næstu árum að finna lausn á þeim vanda en dansæfinunum fylgir mikil hljóðmengun og það er þröngt á þingi í

Versölum þó svo æfingar fari fram í tveimur húsum.

Æfingar hafa byrjað klukkan 15:00 á daginn í Vatnsenda en 14.30 í Versölum og gerir það félaginu mögulegt að vera með þjálfara í fullu starfi sem hefja þjálfun snemma á daginn og fram á kvöld alla virka daga. Það hefur sýnt sig að undanfarna vetur að forsenda fyrir því að hefja æfingar svo snemma á daginn er að vera með starfsmenn í fullu starfi sem eru að helga sig starfinu. Húsnæðið er vel nýtt allt frá því æfingar hefjast snemma á daginn og fram á kvöld. Ástæðan fyrir því að ekki er hægt að byrja klukkan 14:30 í Vatnsenda eins og í Versölum er sú að börn sem búa á Kársnesinu þurfa að taka frístundabílinn og er ekki möguleiki að koma bílnum fyrr í Vatnsenda. Með því að hefja æfingar klukkan 15:00 í Vatnsenda gefst öllum börnum í Kópavogi, óháð búsetu, tækifæri á að taka þátt hvort heldur það er í hóp fimleikum, almennum fimleikum, parkour eða áhaldafimleikum.

Gerpla stóð fyrir mjög fjölbreyttri starfsemi á tímabilinu en iðkendur voru rúmlega 2.300 talsins. Þar af voru yfir tæplega 2.000 virkir iðkendur sem æfðu allt starfstímabilið hjá félaginu. Sumir nýta sér einungis sumarnámskeið og aðrir vetraræfingar en meirihluti iðkenda sækir æfingar allt árið um kring.

Skráningarfyrirkomulag hefur verið óbreytt frá því í janúar 2018 þegar ákveðið var að lengja vorönn í keppnisdeildum félagsins upp í 6 mánuði. Almenna reglan er að keppnisdeildir æfa janúar til júní, sumarfrí í júlí og haustönn er ágúst-desember. Yngri hópar og almenna deildin fara í sumarfrí að vorsýningu lokinni um mánaðarmótin maí/júní að undanskyldum GGG hóp sem æfir yfir sumartímann. Vorið 2020 var ekki hægt að vera með vorsýningu vegna samkomutakmarkana og æfðu hóparnir áfram og reyndu að vinna upp tapaðan tíma frá vorönninni 2020. Stjórn ákvað að framlengja vorönnina hjá öllum iðkendum Gerplu vegna heimsfaraldurs. Almenna deildin og grunn- og framhaldsdeild æfðu til 25.júní 2020 en keppnisdeildir í hóp fimleikum og áhaldafimleikum æfðu til 25.júlí 2020. Allir fengu því framlengingu á æfingar um ríflega 3 heilar vikur vegna Covid 19. Eins var ákveðið að öll börn sem voru að byrja í skóla haustið 2020 og æfðu í Gerplu um veturinn fengju eina viku án endurgjalds á sumarnámskeiðum Gerplu.

Sumarnámskeiðin 2020 voru vel sótt og komust færri að en vildu á einhver námskeið. Aukningin á milli ára var 29% ef við teljum bæði fimleika- og íþróttafjör og parkournámskeiðin. Ástæður eru mjög líklega þær að árgangur 2014 fékk fría viku á námskeiðinu og hins vegar að lítið var um ferðalög til útlanda um sumarið vegna ástandsins í heiminum. Iðkendur sóttu æfingar vel í júní og sem og í júlí þó fækkun hafi orðið á æfingum yfir hásumarið. Starfið hófst svo aftur eftir verslunarmannahelgi og voru iðkendur að skila sér inn á æfingar allan ágústmánuð. Haustið hófst með krafti og var öflugt framboð á æfingum og námskeiðum. Skráningin var þó minni en vant er til að byrja með og má rekja það við hræðslu foreldra að skrá þegar svo mikil óvissa var í loftinu vegna Covid 19. Starfsdagur Gerplu var 17.ágúst og kom Margrét Lára Viðarsdóttir í heimsókn og talaði um andlegan styrk, sjálfstraust og áskoranir. Fyrirlesturinn fékk miklar og góðar undirtektir hjá þjálfurum Gerplu og var gott upphaf á tímabilinu. Það var svo þann 8.október sem stopp var sett á allar æfingar og var æfingabann allt til 18.nóvember en þá fór starfið af stað á nýjan leik en þó með miklum takmörkunum.



Það var kraftaverki líkast hvernig þjálfarar og starfsfólk brugðust við þessum áskorunum sem fylgdu Covid 19. Það var brugðið á það ráð að vera með viðburðadagatal og reyna að hafa starfið sem fjölbreyttast til að missa ekki iðkendur úr félaginu. Æfingar fóru fram í gegnum zoom, fjarfundabúnað, youtube, teams, messenger og fleiri samskiptaforrit. Gerplubíngó var

haldið í gegnum teams og voru rúmlega 500 spjöld virk þegar mest var og voru glæsilegir vinningar í boði frá fimleikar.is, H-verslun og Gerplu. Tæknin var aðeins að stríða og þurfti að keyra bingóið í heimahúsi með aðstoð dyggra foreldra og fór vel. Úrræðagóða foreldra ber að þakka og gerum við það hér með. Kríla- og bangsaþjálfarar þurftu að hugsa út fyrir kassann þar sem foreldrar máttu ekki fylgja börnunum á æfingar inn í íþróttahús fyrst um sinn eftir að samkomubanni lauk á haustönn. Það var því brugðið á það ráð að vera með foreldralausar æfingarnar fyrir þá sem treystu sér til. Aðsóknin fór fram úr björtustu vonum. Börnin voru skilin eftir við inngang þar sem þjálfari tók á móti þeim, merkti við, aðstoðaði úr útifötum og fylgdi inn í sal. Börnin voru frá tveggja ára aldri og að fimm ára. Þetta tókst það vel til, þrátt fyrir mikla vinnu og utanumhald, að á vorönn 2021 var einn hópurinn í krílum keyrður foreldralaus. Heimilin tóku virkan þátt í æfingum og fjölbreyttum áskorunum í vetur og viljum við þakka fyrir það.



Reynt var eftir fremsta megni að fylgjast með iðkendum og brotthvarfi eftir faraldurinn vorið 2020 og sást fækkun strax um haustið. Iðkendur skiluðu sér þó hægt og rólega til baka og er það frábært. Sumir iðkendur notuðu tækifærið og skiptu um deild og er það alltaf betra en brottfallið.

Vorönnin fór svo vel af stað en ekki leið á löngu þar til það kom stopp á allt aftur vegna Covid 19. Það gerðist rétt fyrir páska eða þann 25.mars og var lokað til 14.apríl. Þriggja vikna páskafrí en svo voru iðkendur fljótir í gang og mótahaldið hófst fyrir alvöru.



Vegna heimsfaraldurs voru fjölmargir viðburðir sem ekki var hægt að standa fyrir. Ekkert mótahald fór fram á haustönn 2020, Garpamótið um haustið var framkvæmt á æfingatíma iðkenda og myndbönd send heim til forráðamanna. Ekkert jólaball var í Gerplu, ekkert þorabót í janúar né konukvöld. Halda átti stóra afmælisýningu vorið 2021 í tilefni af fimmtíu ára afmæli Gerplu en henni var frestað

vegna takmarkanna og er stefnt að því að halda hana haustið 2021. Fagna átti 50 ára afmæli félagsins með pompi og prakt og bíður það einnig til haustsins 2021. Mótahald raskaðist töluvert á vorönn 2021. Mótin voru þó haldin að lokum en sum án áhorfenda og með miklum

takmörkunum. Enn sitja áhorfendur með grímu í stúku en mega þó mæta á áhorfendapallana. Öll börn og starfsmenn hafa sinnt sóttvörnum áður en farið er inn á æfingar og á meðan á æfingum stendur. Æfingar hafa gengið vel í gegnum þennan merkilega heimsfaraldur og hefur Íþróttafélagið Gerpla sloppið vel við smit og sóttkví enda hefur verið passað vel uppá sóttvarnir. Starfsmenn Gerplu þurftu að auka tíðni þrifa á snertiflötum, klefum og öðrum alrýmum og fórst það vel úr hendi.

Til að koma til móts við iðkendur varðandi tapaða æfingatíma var vorönnin 2020 framlengd og iðkendur þjónustaðir með heimaæfingum á meðan á ástandinu stóð. Vegna ástandsins á haustönn 2020 var gefinn afsláttur á æfingagjöld á vorönn 2021. Verður að segjast að vel hefur verið í lagt að koma til móts við iðkendur og forráðamenn þeirra og er almenn ánægja með framtakið. Aukinn launakostnaður, þrífakostnaður, sótthreinsibúnaður og fleira ásamt minni tekjum af æfingagjöldum var staðreynd vegna heimsfaraldurs en styrkur frá ríkinu kom til móts við þann kostnað og er reksturinn í jafnvægi.

STARFSSEMI FÉLAGSINS

Gerpla bauð upp á æfingar í eftirfarandi deildum á starfstímabilinu 2020-2021:

ÁHALDADEILD KVENNA

Krefjandi ári senn að ljúka hjá áhaldadeild kvenna. Mikil fækkun hefur átt sér stað á milli ára síðastliðin 2 ár. Haustið 2019 voru iðkendur í deildinni 180 en vorið 2021 voru iðkendur einungis 116 eftir mjög strembið Covid ár. Við erum þó að sjá fjölgun nú á vormánuðum og vonumst eftir enn frekari fjölgun með haustinu. Mesta fækkunin hefur orðið hjá okkur í 6. þrepi kvenna síðustu árin, þar sem fækkun hefur verið úr sex hópum haustið 2018 í einn hóp haustið 2020.



Áhaldadeild kvenna var með eftirfarandi keppnishópa veturinn 2020-2021:

6. þrep kvenna – 1. hópur

5. þrep kvenna – 3 hópar

4. þrep kvenna – 1 hópur

1.-3. þrep kvenna – 1 hópur

Meistarahópur kvenna – 2 hópar

Hraðferð – 2 hópar




Áhaldadeild kvenna stendur mjög vel þjálfaralega séð, við erum með flesta okkar þjálfara í fullu starfi og þar af leiðandi góður stöðugleiki í þjálfun hópanna okkar. Þjálfarar deildarinnar voru í vetur 14 talsins. Helstu verkefni deildarinnar eru mót á vegum Fimleikasambands Íslands ásamt þeim vinamótum sem félögin á Íslandi bjóða upp á. Í vetur féllu öll mót haustannar niður vegna Covid, en sem betur fer náðum við nokkrum mótum á vorönninni á milli lokanna og enduðum svo árið í maraþon mótahaldi sem lukkaðist mjög vel.

Iðkendur deildarinnar náðu að keppa á eftirfarandi mótum vorannar: þrepamót 2, Ofurhetjumót Gróttu, þrepamót 1.-3. þrep, Bikarmóti FSÍ, Íslandsmóti í Frjálsum æfingum, Íslandsmóti í þrepum, GK meistaramóti, þrepamóti 3 og að lokum Iceland Classic. Einnig áttum við keppanda á Evrópumóti í áhaldafimleikum sem haldið var í apríl, það var hún Hildur

Maja Guðmundsdóttir sem var fulltrúi Gerplu á því móti.



Við horfum full bjartsýni inn í næsta vetur, breytingar verða gerðar á keppnisdeildinni þar sem skiptingin á milli hraðferðar og keppnishópa verður gerð skýrari. Hraðferðarlínan mun ekki vera aðskilin á milli deilda eins og hefur verið heldur mun hún alfarið fara undir áhaldadeild kvenna. Meiri samfella verður í þjálfun í deildinni og flæði á milli hópa auðveldað. Keppnislínan verður einnig skýrari og hópaskipting og tímafjöldi æfinga í fastari skorðum. Keppt verður eftir nýjum Fimleikastiga í haust ásamt því að nýr keppnisstigi fyrir stúlkur 12 ára og eldri mun líta dagsins ljós og verður gaman að fylgjast með því og sjá deildina blómstra.



Auður Ólafsdóttir deildarstjóri áhaldafimleika kvenna

ÁHALDADEILD KARLA

Þrátt fyrir erfiða tíma í kringum Covid 19 hefur karladeildin blómstrað í vetur. Ekki er að sjá á henni að við séum um það bil að klára heimsfaraldur sem varað hefur í 15 mánuði og sem á löngum tímabilum hefur lamað starfið í Gerplu. Því ber að fagna og er því helst að þakka útsjónarsemi þjálfara og hversu vel haldið var utan um iðkendur Gerplu í samkomubanni. Notast var við myndbandstækni og heimaæfingar í beinni útsendingu yfir netið sem kom að góðum notum. Allir eru þó sammála um að best sé æfa í fimleikasalnum og fögnum við því að faraldurinn heyri nú brátt sögunni til.



Hóparnir þennan veturinn voru 9 talsins í áhaldafimleikadeild pilta. Fjöldi þjálfara í deildinni voru 10 á afstöðnu tímabili. Helstu verkefni piltanna í 4. og 5. þrepi voru þrepamót 2 og 3 á vorönn en þrepamóti 1 var aflýst á haustönn. Stóðu piltarnir sig með þrýði og voru nokkuð margir drengir sem náðu þrepinu á afstöðnu tímabili. Fjöldi verðlauna komu í hús. Í 3. og 2.

þrepi voru móttin þrjú talsins. Á Haustmóti sigraði Atli Elvarsson haustmót 1 í 3.þrepi og Kári Pálmason sigraði sama mót í 2.þrepi. Á Bikarmóti íslenska Fimleikastigans sem haldið var í Gerplu sigraði lið Gerplu 3.þrep með yfirburðum. Íslandsmeistaramót í sömu þrepum var svo haldið í mars en þar voru Atli og Kári stigahæstir í sínum þrepum og sigruðu þeir sína flokka. Á Bikarmóti í frjálsum æfingum karla sigrað lið Gerplu með miklum yfirburðum enda lið Gerplu 1 eingöngu skipað landsliðsmönnum. Gerpla lið A lenti svo í 2.sæti í sömu keppni sem kórónaði góðan árangur í liðakeppninni. Á Íslandsmeistaramóttinu í áhaldafimleikum sigraði Valgarð Reinhardsson í karlaflokki og í unglíngaflokki varð Dagur Kári Ólafsson hlutskarpastur. Gk mótið var síðasta mót tímabilsins í áhaldafimleikum karla. Þar varð Íslandsmeistari unglínga, hann Dagur Kári Ólafsson.



Evrópumeistaramótið í áhaldafimleikum var haldið í Sviss dagana 21.-25.apríl. Þrír piltar úr Gerplu voru í liðinu að þessu sinni, þeir Valgarð Reinhardsson, Jónas Ingi Þórisson og Martin Bjarni Guðmundsson. Valgarð ætlaði sér stóra hluti á móttinu en lenti í óhappi á fyrsta áhaldi og varð að draga sig úr keppni vegna meiðsla. Martin og Jónas stóðu sig með mikilli þrýði og var mótið mikilvæg reynsla fyrir þá. Gaman verður að fylgjast með þessum ungu og efnilegu fimleikamönnum í framtíðinni.



Helstu áskoranir þessa keppnistímabils var Covid 19 og allar þær samkomutakmarkanir sem ríkisstjórnin setti á í tengslum við faraldurinn. Heimaæfingar minnkuðu skaðann sem faraldurinn leiddi af sér en takmarkanir á íþróttastarf hefur í för með sér vinnutap og þá sérstaklega fyrir eldri iðkendur félagsins sem lagt hafa á sig mikla vinnu til að koma sér áfram

í hinum harða heimi keppnisfimleika. Við sjáum samt fram á bjartari tíma með bólusetningum og frekari afléttingum sem þeim hafa fylgt.



Framtíðin er björt í Gerplu. Við höfum á að skipa fullt af hæfum þjálfurum og fjöldann allan af iðkendum sem hafa mikinn metnað og áhuga á að komast lengra í íþróttinni. Frekari þróun á skipulagi deildarinnar er skemmtileg áskorun enda spennandi tímar framundan hjá félaginu. Við eigum fullt af flottum fimleikadrengjum sem eiga frábærar og mikilvægar fyrirmyndir í þeim piltum sem núna fylla landslið Íslands í áhaldafimleikum karla.

Axel Ólafur Þórhannesson deildarstjóri áhaldafimleika karla

HÓPFIMLEIKAR KVENNA 4. OG 5.FLOKKUR OG HÓPFIMLEIKAR KARLA

Í yngri hópfimleikadeild voru í upphafi árs, 4.-5.fl og KKY og KKE. Í vetur kepptu 8 hópfimleikalið og 4 stökkfimilið í þessum flokkum. Í deildinni voru 17 þjálfarar og 3 aðstoðarþjálfarar. Nú í lok vorannar var tekin ákvörðun um að skipta deildinni upp og tók Eysteinn Máni Oddsson við sem deildarstjóri hópfimleikadeildar karla.



Iðkendur deildarinnar kepptu á eftirfarandi mótum á líðandi vetri : Bikarmót unglunga, GK-mót, Bikarmót í Stökkfimi, Íslandsmót í Stökkfimi, Bikarmót í Teamgym, Vormót B og C deilda, Íslandsmót í teamgym og Íslandsmóti A-deilda.

Stærsta verkefni vetrarins var að koma sem best út úr samkomutakmörkunum. Þjálfarar lögðu mikla vinnu á sig við heimaæfingar og verkefni þegar iðkendur máttu ekki koma inn í salinn. Eins voru þjálfarar í góðum samskiptum við iðkendur og forráðamenn og skilaði sú vinna sér, þegar salurinn opnaði aftur. Brottfall var stórt áhyggjuefni í vetur en m.a. vegna góðs utanumhalds fengum við flesta af okkar iðkendum aftur í salinn eftir ítrekaðar lokanir.



Áskoranir í þessum aldurshópum eru að keppast við aðrar vinsælar íþróttagreinar. Margir iðkendur á þessum aldri æfa fleiri en eina íþrótt og það kemur tímapunktur þar sem þau velja á milli. Því vinnum við markvisst að því að iðkendum líði vel og finni að þau séu í öruggu umhverfi hjá okkur.

Tækifærin í þessari deild liggja í fjölda iðkenda. Við erum búin að fjölga iðkendum jafnt og þétt yfir árin og erum núna komin með góðan fjölda og getum keppt með mörg lið í hverjum aldursflokki. Mikilvægt er fyrir frampróun deildarinnar að halda í þennan fjölda og að reyna að fá til okkar enn fleiri iðkendur. Við erum með framúrskarandi aðstöðu til hópímleikaiðkunar í íþróttahúsinu okkar í Vatnsenda og er það okkur til framfærslu í íþróttinni, bæði fyrir iðkendur og þjálfara.

Okkur er annt um að okkar yngstu iðkendur í keppnisdeildunum, upplifi íþróttina jákvæða. Mikið er lagt upp úr því að iðkendum líði vel á æfingum og fái jákvæða uppbyggingu. Við erum með getuskiptingu strax á fyrsta



ári í keppnisdeild og teljum við það koma mjög vel út fyrir okkar iðkendur. Þannig geta iðkendur æft í liði með jafningjum sínum í íþróttinni og fengið þjálfun við hæfi. Við metum það svo af áralangri reynslu, að það sé mikilvægast öllu, að iðkendur fái góða þjálfun í grunninn. Iðkendur læra grunninn mishratt, en þegar hann er kominn, koma framfarir í íþróttinni mun auðveldar og hraðar. Iðkandi getur því vel unnið sig hratt upp í getu, þegar hann hefur náð góðum tókum á grunninum.

Við höfum jafnframt lagt mikla áherslu á samskipti við forráðamenn síðustu ár og það skilað mikilli ánægju. Við erum sífellt að reyna að gera enn betur og stefnum á að halda áfram á þessari braut.

Rakel Másdóttir deildarstjóri hópfirmleikadeildar yngri



HÓPFIMLEIKADEILD KVENNA 3.FLOKKUR OG ELDRI

Í 3.flokki voru fjögur lið, 43 iðkendur (25 á yngra ári og 18 á eldra ári). Það voru 7 stökkþjálfarar og 3 dansþjálfarar á hópnum fjórum. Í 2.flokki voru tvö lið 27 iðkendur (12 á yngra ári og 16 á eldra ári). Það voru 4 stökkþjálfarar og 2 dansþjálfarar á hópnum tveimur. Í 1.flokki voru tvö lið, 22 iðkendur sem fækkaði í 18 (8 á yngra ári og 10 á eldra ári). Það voru 2 stökkþjálfarar og 2 dansþjálfarar á hópnum.



Meistaraflokkur byrjaði mjög stór með strákum líka og var stefnan sett á kvennalið og blandað lið. Íslandsmót sem átti að vera í október var felld niður og þá ákváðu strákarnir að skipta yfir í Stjórnuna til að geta keppt sem karlalið þar sem fáir strákar voru eftir í Gerplu á meistaraflokksaldri. Það byrjuðu 22 stelpur í haust í hópnum og þeim fækkaði í sextán vegna brotthvarfs blandaða liðsins. Það voru fjórir stökkþjálfarar og 2 dansþjálfarar á hópnum.



Eldri lið hópímleikadeildar kepptu á eftirfarandi mótum: Bikarmóti unglinga, GK móti, Bikarmóti í Stökkfimi, Íslandsmóti í Stökkfimi, Bikarmóti í teamgym, Vormóti B og C deilda, Íslandsmóti í teamgym og Íslandsmóti A deilda. Lið 3.flokks 1 lenti í A deild eftir fyrsta mót vetrarins en lið 2 og 3 í B deild. Lið 3.flokks 4 keppti á stökkfimimótum í vetur. 2.flokkur 1 varð í 1. sæti á öllum sínum mótum í vetur og urðu deildarmeistarar. Lið 2.flokks 2 lenti í 5. Sæti á GK móti, 4.sæti á bikarmótinu og svo 5.sæti á Íslandsmótinu. Á fyrsta móti vetrarins

keppti 1.flokkur með tvö lið en á mótunum þar á eftir keppti flokkurinn með eitt lið. Þetta útskýrist af brottfalli og meiðslum á tímabilinu. Meistaraflokkur kvenna keppti á öllum mótum vetrarins sem komu til greina og lönduðu öðru sætinu á þeim þremur en gaman var að sjá bætingu og stíganda í liðinu á milli móta og ljóst að uppbyggingin síðustu ár er að skila sér.

Ekki er hægt að sleppa því að nefna að Valgerður Sigfinnsdóttir iðkandi í meistaraflokki og landsliðskona til margra ára braut blað í sögunni þegar hún framkvæmdi stökk sem engin kona hefur áður keppt með. Hún keppti með þrefalt heljarstökk með hálfri skrúfu á trampólíni á Íslandsmótinu í hópfinleikum og lenti með glæsibrag. Þetta er mikið afrek og búið að æfa í nokkur ár áður en svo tími gafst til að fara með það alla leið í keppni. Frábær fyrirmynd hún Vala.



Áskoranir


Í 2. og 3. flokki var ákveðið að æfa með lið 1 og 2, og 3 og 4, saman á æfingum. Það var krefjandi til að byrja með en varð betra með tímanum. Í lok tímabils er niðurstaðan sú að betra er að keyra tvö lið saman í hverjum flokki þegar hægt er en það fer eftir því hvort liðin séu stödd á keppnis- eða undirbúningstímabili.

Í fyrsta flokki var áskorun að ná hópnum saman og samstillast og það tókst ekki alveg fyrr en á síðasta mótinu í vor. Í meistaraflokki var áskorun í upphafi að halda í strákana og að skipta á milli liða í kvennamenginu. Vorið gekk vel og liðið er að ná miklum framförum og eru á rétttri leið.



Tækifæri

Í þriðja flokki eru mikil tækifæri þar sem mikið pláss er fyrir framfarir í fimleikum ef þjálfun er stillt vel upp. Í öðrum flokki eru tækifæri í að bæta styrktarþjálfun en fimleikarnir eru mjög framarlega. Í 1.flokki eru mikil tækifæri en stúlkurnar ungar og á leið upp í meistaraflokk. Við stefnum á að keppa með tvö lið í meistaraflokki sem gefur yngri stúlkunum mikil tækifæri í að vinna upp keppnisreynslu og að fá tækifæri til að sýna sig á mótum vetrarins. Jafnframt verður það frábært tækifæri fyrir stúlkur sem eru að vinna sig til baka úr meiðslum eða eftir hvíld. Áskorun verður að halda vel utan um bæði lið svo iðkendum líði vel og allir upplifi sig mikilvægan í stóru mengi stúlkna.



Kristinn Þór Guðlaugsson deildarstjóri hópfinleikadeildar eldri

FIMLEIKADEILD KARLA OG KVENNA

Í fimleikadeild æfa drengir og stúlkur á aldrinum fimm til sjö ára. Í deildinni er aldursskipt í hópa og þar kenndur grunnur að fimleikaæfingum. Að loknum framhaldshópi velja börn þá fimleikagrein sem þau vilja æfa. Grunnhópar skiptast upp í grunnhópa einu sinni í viku þar sem fimm ára gömul börn æfa og síðan grunnhópar tvisvar sinnum í viku en í þeim hópum æfa sex ára gömul börn. Í framhaldshópum æfa sjö ára gömul börn. Jafnframt eru hraðferðarhópar í deildinni en í þeim hópum æfa börn allt frá fimm ára til sjö ára aldurs. Í fimleikadeild karla voru 13 hópar á tímabilinu þar af átta grunnhópar, þrír framhaldshópar og tveir hraðferðarhópar. Í deildinni voru sex aðalþjálfarar og fimm aðstoðarþjálfarar. Í fimleikadeild kvenna voru 23 hópar þar af 15 grunnhópar, fimm framhaldshópar og þrír hraðferðarhópar. Í deildinni þjálfa 11 aðalþjálfarar og 9 aðstoðarþjálfarar.



Samkomubönn höfðu talsverð áhrif á okkar hópa sem hitta þjálfarann sinn ekki nema 1-2 sinnum í viku. Það var því mikið verkefni að halda börnunum áhugasömum á íþróttinni. Þjálfarar sendu skilaboð heim til að athuga stöðuna, sem og deildastjórar sem hringdu heim til þeirra sem ekki mættu eftir æfingastopp. Allt þetta varð til þess að brottfallið varð ekki meira en raun bar vitni. Á haustönn var Garpamót haldið inni á æfingum og myndbönd send heim til foreldra lukkaðist það vel. Á vorönn náðum við í fyrsta skipti í eitt og hálft ár að halda Garpamót í hefðbundnu sniði og mátti sjá mikla gleði hjá börnunum að allt væri að fara í sama far aftur.



Mikilvægt er að iðkendur í grunn- og framhaldshópum fái verkefni við hæfi og teljum við getuskiptingu, með hraðferðarhópum mikilvæg. Í vetur var framhaldshópur í Vatnsenda keyrður sem hópfimleikahópur og virkaði það vel. Hugmyndin er góð vegna tveggja þátta í fyrsta lagi bjóða áhöld í Vatnsenda upp á góða hópfimleikabjálfun og jafnframt eru iðkendur í þessu hverfi líklegri til að velja fimleika í Vatnsenda að loknum framahaldshópi og því framtíðar hópfimleikaiðkendur.



Eitt mikilvægasta verkefni grunn- og framhaldsdeild er að skapa áhugahvöt á fimleikum. Æfingar þurfa að vera krefjandi en jafnframt skemmtilegar svo áhugi skapist á greininni. Í þessu samhengi skipta þjálfarar öllu máli. Þjálfari þarf að vera hress, jákvæður en jafnframt ákveðinn. Við í Gerplu erum einstaklega heppin með okkar þjálfara, ekki síst þegar horft er yfir verkefni síðasta vetrar og samkomutakmarkana. Tækifærin liggja í því að fjárfesta í góðum þjálfurum sem eru tilbúnir að framfylgja okkar hugsjón. Mannauðurinn er okkar mikilvægasta auðlind.

Ragnar Magnús Þorsteinsson og Sif Pálsdóttir deildarstjórar Fimleikadeildar karla og kvenna

ALMENN DEILD

Haustönn 2020 hófst í almennri deild með 24 hópum en við fjölguðum þeim í 27 yfir árið. Fjölgunin varð vegna mikillar eftirspurnar eftir parkouræfingum (iðkendur fæddum 2010-2011) og bangsaæfingum (iðkendur fæddir 2018-2019). Þjálfarar á þessum hópum eru í heildina 29 en þar af eru 10 aðstoðarþjálfarar. Þjálfaragildin eru aðeins færri en á einstökum hópum erum við með þjálfara sem skipta með sér dögum í þjálfun. Jafnframt eru flestir okkar þjálfarar í hlutastarfi eða að þjálfa í öðrum deildum.

Af hópunum sem eru í almennri deild eru tveir sem taka þátt á fimleikamótum. Það eru hóparnir Special Ol og grunnhópur fatlaðra. Þau tóku þátt á þrepamóti á líðandi fimleikaári. Hinir hóparnir eru með annarskonar verkefni og eru þau misjöfn eftir hópum. Stærsti viðburðurinn hjá parkour hópunum er Parkour-djamm sem er vina-viðburður og öðrum félögum boðið að taka þátt. Þennan viðburð höfum við haldið árlega og fengið gríðarlega jákvæð viðbrögð. Parkour-djammið hefur verið haldið í desember en sökum aðstæðna færðist það á vorönn á þessu ári.



Áskoranir í almennu deildinni eru þær að við höldum í þá iðkendur sem við höfum. Þessir iðkendur eru oft jaðarhópar sem leggja ekki mikla áherslu á að ná árangri eða að keppa í fimleikum. Við þurfum að halda þeim áhugasömum á íþróttinni með öðrum hætti. Það sem iðkendur í þessari deild vilja almennt fá út úr íþróttinni, er heilbrigð íþróttaiðkun í öruggu umhverfi. Þrátt fyrir ítrekaðar lokanir, hefur Gerpla náð að halda vel í iðkendur í almennu deildinni. Lögð var mikil áhersla á þjálfarar væru í góðum samskiptum við iðkendur og forráðamenn á meðan á lokun varði og þegar íþróttamannvirknin opnuðu á nýjan leik. Þegar yfir lýkur, nú í lok vorannar, hefur orðið u.þ.b 100 iðkenda fjölgun í almennu deildinni frá upphafi haustannar og því ber að fagna.



Takmarkanir í þessari deild og okkar helsta áskorun er að fá til liðs við okkur fleiri áhugasama þjálfara. Við þurfum að vera gríðarlega meðvituð um þá framúrskarandi þjálfara sem við höfum nú þegar í þessari deild og halda vel utan um þau, til að halda í þeirra góða starf. Á flestum stöðum innan almennu deildarinnar eru tækifæri til fjölgunar á hópum eða iðkendum innan hópa, en svo það sé möguleiki þurfum við að fjölga þjálfurum.

Í almennu deildinni liggja mörg tækifæri. Við erum búin að vera dugleg að prufa okkur áfram með hópa, eins og fullorðinsfimleika og fimleikaprek fyrir boltakrakka sem og einkatíma. Með skipulagðri vinnu og góðu utanumhaldi og auglýsingum ættum við að geta tekið við fleiri iðkendum sem leggja stund á fimleika sem almenna hreyfingu fram yfir keppni. Við sjáum mörg tækifæri þar og það er mikil eftirspurn eftir að koma og iðka fimleika í þessum hópum.

Rakel Másdóttir deildarstjóri almennrar deildar



SAMSTARF VIÐ LEIKSKÓLA OG GRUNNSKÓLA

Samstarf Gerplu við leikskólann Fílfusali og leikskólann Sólhvörf hefur verið farsælt síðustu ár og var því áframhaldið í vetur. Fyrirkomulagið hefur verið þannig að þjálfarar hafa sótt börnin í leikskólann og labbað með þeim í íþróttahúsið ásamt leikskólakennurum. Leikskólakennarar fylgdu börnunum svo aftur yfir á leikskólann að tíma loknum. Þannig hafa elstu börn leikskólanna fengið sinn fimleikatíma í miðri viku á skólatíma og hafa þá lokið við sína hreyfingu þegar foreldrar sækja þau í leikskólann. Leikskólinn Sólhvörf sem er í nágrenni við Vatnsendaskóla æfði þar en Fífusali æfðu í Versölum.

Gerpla er líka í samstarfi við Salaskóla en félagið stóð fyrir íþróttatímum fyrir frístund Salaskóla þar sem börn úr frístund komu í tíma hjá Gerplu endurgjaldslaut á þeim tíma sem þau voru í Frístund tvisvar sinnum í viku. Konráð Elí Sigurgeirsson fór fyrir þeim tímum í vetur.

FIMLEIKAPREK FYRIR BOLTAKRAKKA

Fimleikaprek fyrir boltakrakka var keyrt í annað sinn í vetur en veturinn 2020 var það til prufu. Eysteinn Máni Oddsson þjálfaði hópana og gekk vel. Námskeiðið byggðist uppá grunnfimleikum, þreki og teygjum. Námskeiðin voru tvö, fyrir yngri og eldri krakka og voru ágætlega sótt.

SAMSTARFSVERKEFNI BREIÐABLIKS, GERPLU OG HK

Stóru íþróttafélögin í Kópavogi Breiðablik, Gerpla og HK hafa átt ötult og gott samstarf á liðnu tímabili. Frístundavagninn var á sínum stað en í stað þess að íþróttafélögin keyrðu öll sinn vagninn hvern á eftir öðrum var haldið áfram með sameiginlega bíla í samstarfi við fyrirtækið Hópbíla þar sem allir nemendur Kópavogs gátu tekið vagninn óháð því með hvaða félagi þeir voru að æfa. Starfsmenn voru í bílunum til að aðstoða og passa uppá öryggi. Frístundavagninn er keyrður með aðkomu fjármagns frá Kópavogsbæ en Kópavogsbær hefur greitt ¼ af kostnaði við rekstur ferðanna. Áhersla er lögð á að frístundavagninn þjóni fyrst og fremst nemendum 1.- 4.bekkjar en öllum er heimilt að nota bílinn svo lengi sem það er laust pláss. Með tilkomu frístundabíla ná íþróttafélögin að nýta íþróttamannvirki Kópavogsbæjar betur með því að hefja æfingar strax að loknum skóla.



Iðkendur Gerplu gátu nýtt bílinn bæði á æfingar í Versali sem og í Vatnsenda. Elva Björg Gunnarsdóttir var starfsmaður Gerplu í rútunni sem fyrr og sá til þess að börnin spennu sig í belti og hún hefur einnig það hlutverk að passa uppá samskipti og umgengni í rútunni.



Vorið 2019 var ákveðið að hefja viðræður við Menntaskólann í Kópavogi um að setja á stofn afreksbraut MK í samstarfi við Gerplu, Breiðablik og HK. Verkefnið fór vel af stað og mikill velvilji og kraftur í mönnum til að gera þetta að veruleika og með því halda framhaldsskólanemendum í Kópavogi í heimabyggð. Samstarfinu var haldið áfram í vetur og var fjölgun á afreksbrautinni. Viktor Kristmannsson var yfir þjálfuninni í Gerplu og er ánægjulegt að sjá hversu miklu þetta skilar fyrir þá iðkendur sem þetta kjósa. Æfingarnar fyrir þá nemendur sem völdu fimleika fóru fram í Versölum.

Íþróttafélögin Gerpla, Breiðablik og HK hafa í samstarfi við UMSK verið með verkefni í pípunum er snýr að hreyfingu eldri borgara í Kópavogi. Verkefnið er mjög metnaðarfullt er varðar hreyfingu, fræðslu og félagslega viðburði en einnig er til undirritaður samningur við Háskólann í Reykjavík um samstarf um fjölbreyttar mælingar á þátttakendum. Byrjað var að vinna að verkefninu 2018 og samþykkti bæjarstjórn Kópavogs að leggja fjármagn í verkefnið til næstu tveggja ára. Það er von íþróttafélaganna að eldri borgarar í Kópavogi finni sig velkomin í íþróttafélögin en framboð á hreyfingu fyrir allan aldur allt lífið er aðalatriðið. Verkefnið fór af stað haustið 2020 en því miður setti heimsfaraldurinn strik í reikninginn og náðist því aldrei að halda það í þeirri mynd sem lagt var upp með í byrjun. Spennandi verður að fylgjast með þessu verkefni á komandi tímabili þar sem von er á að hægt verði að fara á fullt. Verkefnastjóri var endurráðinn en það er hún Eva Katrín Friðgeirsdóttir sem heldur verkefninu gangandi.

FYRIRLESTRAR FYRIR IÐKENDUR

Á haustönn 2020 nánnar tiltekið þann 11.nóvember var boðið uppá verklegt næringarnámskeið með Lukku Pálsdóttur. Það fór þannig fram að iðkendur fengu innkaupalista til að elda staðgóðan kvöldmat og svo morgunmat og millimál. Námskeiðið fór fram í gegnum Teams og þóttist taka vel til. Þátttakendur elduðu meðal annars dýrindis Bleikju eða Lax.



Margrét Lára Viðarsdóttir hélt fyrirlestur fyrir eldri iðkendur 8.desember og snerist hann um sjálfstraust, mótlæti og áskoranir og var hugsaður til að styrkja iðkendur þegar þeir komu til baka eftir Covid lokun. Henni var vel tekið og iðkendur almennt mjög ánægðir með hennar framlag.

Arnar Sölvi Arnmundsson íþróttanæringarfræðingur var með fyrirlestur fyrir meistarahópa, 1.flokk og 1.-3.þrep 22.október. Iðkendur voru duglegir að spyrja og fengu öðruvísi nálgun frá honum heldur en Lukku.

SAMSTARF VIÐ SPORTABLER

Samstarfið við Sportabler hefur haldið áfram að vaxa og dafna og hafa þeir Sportablermenn verið iðnir að hlusta á þarfir okkar í Gerplu og komið með nýjungar nánast eftir óskum. Á haustönn var prufuð sú nýjung að rukka æfingagjöld í gegnum Sportabler. Farið var hægt af stað en einungis áhaldafimleikadeild kvenna var rukkuð í gegnum Sportabler. Áfram var haldið að rukka mótagjöld og aðra viðburði í gegnum appið. Það virkar þannig að þegar viðburður/mót er samþykkt í Sportabler fer viðkomandi sjálfkrafa í greiðsluferli og er þá formlega skráður til leiks. Þetta er hagræðing á vinnu fyrir deildarstjóra og þjálfara og hefur bara fengið góðar undirtektir. Nú hefur Nóri og Sportabler verið sameinað og munu því allar skráningar haustið 2021 fara í gegnum Sportabler þar sem Nóra verður lokað. Sportabler er íslenskt vef- og snjallsímaforrit sem gerir skipulagningu og samskipti í íþróttastarfi margfalt skilvirkari og einfaldari. Kerfið er ætlað þjálfurum, iðkendum, foreldrum, og starfsmönnum íþróttafélaga. Markmið Sportabler er að styðja við og efla skipulagt íþróttastarf með tvennum hætti. Annarsvegar með því að auka skilvirkni í skipulags- og samskiptamálum, og hinsvegar með því að bjóða kennsluefni í þjálfun jákvæðra persónuleikabátta í gegnum íþróttir, þar sem æfingar t.d. í sjálfstrausti eru fléttaðar með markvissum hætti inn í íþróttastarfið. Það er margt á döfinni hjá sportablermönnum og erum við í Gerplu spennt fyrir framhaldinu.

SAMSTARF VIÐ FYRIRTÆKI

